

Myndbandið “Sauðfjárlitir”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- litafjölbreytileiki íslensku sauðkindarinnar er einstakur
- grunnlitir – mórautt og svart
- mynstur – golsótt, botnótt og grátt
- flekkótt
- hvítt – felur allt hitt
- raunveruleg dæmi (ljósmyndir) og “kerfið” á bak við þau
- svæðisbundin litaheiti

Íslendingar hafa alltaf haft gaman af skrautlegum kindum þrátt fyrir að hvítt hafi lengst af þótt eftirsóknarverðast út af ullarverðinu. Íslenska sauðkindin býr þess vegna yfir einstaklega fjölbreyttum litum sem hafa varðveist frá landnámu. Kindur í alls konar litum eru út um allt, vekja oft mikla athygli og hver og einn litur hefur sitt heiti.

Það kemur því ekki á óvart að það var Íslendingur sem rannsakaði fyrstur manna erfðir sauðfjárlita og fann tiltölulega einfaldar reglur, hvernig litir og mynstur erfast á milli kynslóða: Stefán Aðalsteinsson frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal (1928–2009). Þessar reglur eru enn í fullu gildi, nema að “hvítt” telst ekki til grunnlita lengur, heldur er eins konar mynstur sem felur allt hitt eins og snjór.

Myndbandið gefur stutt yfirlit yfir alla liti og útskýrir “kerfið”: Allar kindur eru með grunnlit, sumar eru með mynstur (eitt eða tvö), sumar eru flekkóttar, sumar bæði – og margar eru hvítar. Ljósmyndir útskýra þetta nánar. Ekki er farið í allar hugsanlegar samsetningar til að hafa hlutina einfalda til að byrja með, en nemendur fá grunninn til að hugsa og pæla sjálfir.

Síðast en ekki síst er bent á svæðisbundin litaheiti sem geta verið ruglandi ef maður þekkir ekki til. Golsótt heitir sums staðar til dæmis goltótt, golótt eða mögótt. Það er gott að skoða viðkomandi kortið í myndbandinu í rólegheitum og ræða þessi heiti við nemendurna.

Eindregið er mælt með því að panta ókeypis bekkjarsett litahandbókar sem fer talsvert dýpra í málin og svarar nærri öllum hugsanlegum spurningum í kringum sauðfjárliti á myndrænan og auðskiljanlegan hátt. Einnig litaerfðir eru útskýrðar þannig að líka nemendur án þekkingar á erfðafræði skilja þær.

Meira um efnið:

- Fjárjóður-myndbandið “Íslenskt búfé (landnámskynin), hluti 2: sauðkindin”
- Bókin “Litadýrð – handbók um liti í íslenska sauðfjárstofninum” – *ath.: Skólar geta pantað ókeypis bekkjarsett (netfangið sjá neðst).*

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Er grátt grunnlitur?
- Eru grá lömb alltaf grá strax eftir fæðingu?
- Hvað heitir það ef kindin er alþakin hvítum og svörtum blettum?
- Hvað heitir það ef kindin er með dökkkan kvið og höku, en ljósan bók?
- Getur sama kindin verið golsótt, botnótt og grá í einu?
- Hvað heitir golsótt í Örfum?
- Hvað heitir botnótt í sunnanverðum Vestfjörðum?
- Verkefni: Spurðu ömmur og afa þína hvaða orð þau nota fyrir golsótt og botnótt. Hvar ólust þau upp? Er það í samræmi við kortið?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net